

# Skýsla stjórnar Skíðafélags Strandamanna

Haldinn voru þessi 8 mótt sem eru á mótaskránni og voru þau sviðpað sótt og undan farin ár.

Æfingar voru eins og árið áður nema verið var á linuskutum í íþróttahúsinu sem gafst vel og vel var mætt í þær.

Birkir Stefánson mætti með fjölskilduna í allar Íslandsgöngurnar og stóð þau sig vel alstaðar, varð hann í efsta sæti í sínum flokki eftir veturinn.

Strandagangan fór fram laugardaginn 16 mars og var það 20 gangan og tókst vel í alla staði. Lögð var 10 km og tókst Kristjáni vel upp með lagningu og var það mál manna að þettað væri besta íslandsgöngu brautin á Indinu. En vegna veður útlits mættu fáir frá Isafirði og var þeirra sárt saknað. Haldin var leikja dagur á sunnudeginum eftir Strandagönguna og var það mikil húllum hæ og börn og fullornir skemtu sér vel. Einnig fór Birkir á skíðamót Islands og stóð sig vel eins og venjulega. Það var verið með til sögn fyrir fullorðna og var það nokkuð vel sótt.

Á öskudaginn var æfing og voru allir í grímubúningum og lifgar upp á æfinguna og er það komið til að vera. Við fórum á Andrésarandar leikana með góðan hóp og gekk vel eins og venjulega. Fossavatnsgangan fór fram í byrjun mai og fórum við með stóran hóp eins og venjulega og gekk bara vel afburða gott veður og allir stóðu undir væntingum klárðu allir.

Við byrjuðum á að byggja hús yfir fólk og tækji en tókst ekki að koma henni upp fyrir veturinn en það er allt tilbúið.

Búið að taka grunninn kaupa hús og allt sem þarf er þettað er bogahús 149 fermetra og verður byrjað að byggja strax og snjóá leisir.

Það gleimist örugglega einhvað það er af mörgu að taka blómlegt íþróttta líf hjá félarinu.

Sérstakar þakkir færum við þjálfara félagsins sem er Ragnar Bragason og brautar lagningu sem er í höndum Krtjáns Tryggvasonar.

Stjórninn

## Skýrsla stjórnar fyrir árið 2014

Árið 2014 myndi teljast frekar rólegt ár miðað við undanfarin ár þar sem starfsemi klúbbins hefur verið á lágum snúningi og starsemin í lágmarki. Þrátt fyrir það eru nokkrir þættir sem ganga áfram og halda lífi í klúbbnum og gera starfið lífvænlegt.

Eins og undanfarin ár hefur umsjón með slætti og viðhaldi tækjabúnaðar GHÓ verið á höndum Ingimundar Pálssonar. Óhætt er að segja að það starf sem Mundi hefur unnið fyrir okkur sé ómetanlegt því umhirða vallarins er jú það sem golfið snýst um og óhugsandi að spila golf, hvað þá að ætlast til að aðkomufólk komi til að spila golf, ef brautirnar eru óslegin tún og flatirnar loðnar eins og illa hirtur garður. Gott orð hefur skapast um völlinn og ljóst að ófáir tímar hafa legið á bakvið umhirðu vallarins og svo vélanna sem notaðar eru við það verk. Mundi á þakkri skyldar fyrir þessa eljusemi sem og þeir klúbbmeðlimir sem hafa einnig komið að vallarmálum þetta árið .

Mótahald klúbbins var með skornum skammti síðasta sumar. Eitt mótt var haldið í tengslum við Hamingjudaga. Að venju var það Hólmadrangur sem stóð á bak við mótaþaldið og gaf verðlaun. Þátttaka var viðunnandi þó hún hafi oft verið betri.

Golfkennsla var á dagskrá hjá okkur um sumarið. Illa gekk að finna góðan tíma fyrir komu kennarans og þurftum við í tvígang að hætta við, aðallega vegna annara atburða sem báru upp á sama tíma. Reynt verður að nýju að fá kennslu á svæðið næsta sumar.

GHÓ hefur á undanfönum árum fengið styrk frá sveitarfélagini til að styrkja reksturinn og var sótt um að fá styrk á síðasta ári einnig. Sveitarfélagið veitir ekki styrki lengur til íþróttafélaga nema gerður sé samningur við það með tilheyrandi kvöðum og skyldum. GHÓ fékk fyrir lok ársins styrk frá sveitarfélagini sem búið var að gera ráð fyrir á fjárhagsáætlun ársins og í framhaldinu var farið í að reyna að semja við það um styrk næsta árs. Illa gekk að fá sátt um þann samning og var aðalástæðan sú að upphæð samningsins var lækkuð nokkuð, eitthvað sem ekki var að gerast hjá öðrum félögum. Staðan er því þannig að ekki er búið að ganga frá samning við sveitarfélagið um styrk fyrir 2015.

Lán sem tekið var vegna kaupa á vélum á sínum tíma var greitt upp og er klúbburinn því skuldlaus um þessar mundir.